2019

# Flugmódelárið

TF-ISH


ESF 2001
ISL 9210

43

# Forsíðumyndin

TF-ISH, einnig þekkt sem Gljáfaxi, hóf líf sitt hjá bandaríska hernum hér á landi á stríðsárunum og var svo keypt af Flugfélag Íslands um mitt ár 1946. Upp frá því voru Þristarnir þörfustu þjónarnir hér á landi þangað til Fokkerinn leysti þá af hólmi upp úr 1965. Flugfélagið gaf svo Landgræðslu ríkisins vélina 1972, fékk hún þá stafina TF-NPK og var kölluð Páll Sveinsson í höfuðið á fyrrverandi landgræðslustjóra sem var mikill áhugamaður um notkun flugvéla við landgræðslustörf.

Módelið er í skalanum 1:14 og með vænghaf upp á 210 cm, 144 cm á lengd og knúið áfram af rafmagnsmótorum. Nokkrir eigendur hafa verið að módelinu í gegnum tíðina en núverandi eigandi er Lúðvík Sigurðsson.

ÚTGEFANDI
**Frettavefur.net**

RITSTJÓRI
**Sverrir Gunnlaugsson**

LJÓSMYNDIR
**Sverrir Gunnlaugsson**
nema annars sé getið



## Hafðu samband


**FRETTAVEFUR.NET**
Klukkuvöllum 10
221 Hafnarfirði

**NETFANG**
ritstjori@frettavefur.net



Fréttavefur.net © 2019
Allur réttur áskilinn.


Prentað í Evrópu.

ISSN 2298-8203

# RITSTJÓRARAUS

**Fréttavefurinn birtist fyrst á internetinu árið 1999 og 2004 var svo opnað fyrir spjallborð flugmódelmanna.**

**Vefurinn fagnar því 20 ára afmæli sínu í ár en að auki er spjallið orðið 15 ára gamalt. Ekki var mikið um hátíðarhöld í tilefni af áfanganum en vefirnir skörtuðu þó smá viðbót við merki sitt til að fagna árunum 20.**

**Líttu endilega við á https://frettavefur.net og fylgstu með því helsta sem er að gerast í sportinu bæði hér heima og erlendis.**

ISSN 2298-8203

**Þá hefur fimmta tölublaðið af tímariti Fréttavefsins litið dagsins ljós. Sumarið í ár var hreint út sagt frábært, alla vega fyrir módelmenn sunnan heiða, en félagar okkar fyrir norðan náðu engu að síður að fljúga þegar færi gaf.**

Samkomur og mót voru nokkur talsins og verður gerð grein fyrir þeim á síðum blaðsins. Þar ber helst að nefna Norway Open F3F, fréttavefsmótaröðina, Íslandsmeistaramótið í hástarti, Piper Cub flugkoman, flugkoma FMFA, meistaramótaröðin í F3F, stórskala-flugkoma EPE og Sloping Denmark.

Dagana 1. til 3. maí 2020 verður Iceland Open F3F haldið en mótið verður hluti af Evrópu- og heims-bikarmótaröðinni og hafa um 25 keppendur af 7 þjóð-ernum nú þegar skráð sig til leiks.

Þetta verður fyrsta alþjóðlega mótið sem við höldum á þessari öld en á næsta ári verður næstum aldar-fjórðungur liðinn frá síðasta alþjóðalega mótinu sem við héldum en það var Viking Race 1996, sem þá var óopinbert heimsmeistaramót í F3F þar sem greinin var ekki enn orðin samþykkt af alþjóða flugmála-félaginu.

Vefur mótsins: https://f3f.is/iceland-open/

Hægt er að nálgast tímaritið sem rafrænt niðurhal á vefnum og eru flugmódelmenn hvattir til að dreifa tenglinum áfram til vina og vandamanna ásamt hverjum þeim sem kynni að hafa áhuga og gaman af að fræðast aðeins um áhugamálið okkar!

Slóðin er: https://frettavefur.net/timarit/

SVERRIR GUNNLAUGSSON
**Ritstjóri**

Erlingur, Guðjón og Sverrir skelltu sér í víking til Noregs í lok maí og tóku þátt í Norway Open F3F ásamt um 30 öðrum keppendum. Flognar voru 6 umferðir og að þeim loknum þá var Sverrir í 20. sæti, Guðjón í 24. sæti og Erlingur í 25. sæti.

Mynd: Erlingur Erlingsson



Mynd: Erlingur Erlingsson

Mynd: Erlingur Erlingsson

Mynd: Erlingur Erlingsson

# Fréttavefsmótaröðin

Síðast var keppt í stöðluðum hraðflugsflokki árið 2012 og voru þá notaðar Stinger 64 rafmagnsþotur. Eftir umræðu af og til síðustu árin var slegið til í ár og blásið aftur til keppni í stöðluðum flokki en að þessu sinni var EFXtra Racer með rafmagnsmótor fyrir valinu.

Ákveðið var að reyna að halda fjögur mót og yrðu flognar fjórar umferðir í hverju móti, verstu umferð hvers flugmanns var sleppt þannig að þrjár umferðir í hverju móti töldu til stiga í því móti. Samtals voru þetta því 16 umferðir sem flognar voru í fjórum mótum.

Keppnisbrautin er 100 metrar á lengd milli tveggja hliða og flognir eru 10 leggir. Stigagjöfin er eins og í hraðflugskeppni F3F sviffluga, sigurvegari umferðarinnar(Pw) fær 1000 stig, og stig annarra reiknast sem hlutfall af þeim miðað við mismun á hraða(P) þeirra.

$$1000 \times \frac{P_w}{P}$$

Óhætt er að segja að veðurguðirnir hafi verið okkur hliðhollir í mótshaldinu og voru öll fjögur mótin haldin eins og stefnt var að.

Í lok sumars voru svo heildarstigin reiknuð þannig að 8 stigahæstu umferðir hvers flugmanns voru lagðar saman til að fá heildarstigafjölda hans fyrir sumarið og voru niðurstöðurnar eins og sést í töflu hér að neðan.



Nánast eina óhappið

| Sæti | Keppandi | Stig |
|---|---|---|
| 1. | Jón V. Pétursson | 8.000 |
| 2. | Lúðvík Sigurðsson | 7.771 |
| 3. | Eysteinn H.Sigursteinsson | 7.252 |
| 4. | Bjarni V. Einarsson | 6.963 |
| 5. | Magnús Kristinsson | 6.850 |

| | Keppni I | | | | Keppni II | | | | Keppni III | | | | Keppni IV | | | | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | |
| Bjarni | 951 | 821 | 1000 | 977 | 765 | 677 | 708 | 846 | | | | | 655 | 710 | 743 | 860 | 6963 |
| Eysteinn | 789 | 949 | 869 | 947 | 824 | 847 | 678 | 844 | 1000 | 937 | 859 | 765 | | | | | 7252 |
| Jón | | | | | 1000 | 1000 | 929 | 923 | 874 | 1000 | 1000 | 1000 | 1000 | 1000 | 1000 | 1000 | 8000 |
| Lúlli | 1000 | 1000 | 912 | 950 | 699 | 910 | 1000 | 1000 | 965 | 793 | 835 | 944 | 882 | 0 | 0 | 0 | 7771 |
| Maggi | 925 | 784 | 950 | 1000 | 684 | 800 | 751 | 900 | | | | | 644 | 694 | 740 | 643 | 6850 |

Skipting stiga í mótum sumarsins

JBL
F3F TEAM

# Íslandsmeistaramótið í hástarti

Myndir: Böðvar Guðmundsson

Veðurguðirnir tóku vel á móti okkur þegar við mættum upp á Sandskeið sem var kannski eins gott þar sem smá bið varð á því að við kæmumst inn á svæðið vegna forfalla mótsstjóra. Lykla Pétur kom þó fljótlega og hleypti okkur inn á svæðið. Sökum forfalla mótsstjóra skiptu keppendur á milli sín verkum og gekk það vonum framar.

Tímaflugið var haldið niðri á austurenda svæðisins og gekk bara að mestu vel. Ella hlekktist þó á í fyrstu lendingunni og náði ekki að gera við vélina til að halda áfram keppni. Fyrir hraðflugið þurftum við að taka upp búðirnar og færa okkur á suðurenda svæðisins þar sem Svifflugfélagið þurfti að nota V/A brautina fyrir spiltog og ekki gekk að krossa okkar spiltaug við þeirra.

Flugum við fyrstu tvær hraðflugsumferðirnar en eftir þær var vindurinn búinn að snúa sér svo við þurftum að færa spilið á nýjan leik. Fjórðu umferðinni lauk svo klukkan hálf sjö og er þetta með lengstu hástarsmótum(á einum degi) sem menn muna eftir en flutningurinn á keppnisbrautinni þrisvar sinnum tafði okkur óneitanlega ásamt seinu starti mótsins.

Sérlegu aðstoðarmennirnir Erlingur, Þórður og Mundi fá kærar þakkir fyrir aðstoðina en þeir stóðu sig allir þrír einstaklega vel. Svifflugfélagið fær líka kærar þakkir fyrir lánið á aðstöðunni, það er ómetanlegt að eiga þá að í þessum mótum.

| Sæti | Keppandi | Stig |
|---|---|---|
| 1. | Sverrir Gunnlaugsson | 5.876 |
| 2. | Jón V. Pétursson | 4.708 |
| 3. | Böðvar Guðmundsson | 4.581 |
| 4. | Rafn Thorarensen | 4.141 |
| 5. | Steinþór Agnarsson | 3.924 |
| 6. | Erlingur Erlingsson | 366 |

Mynd: Sverrir Gunnlaugsson

**Oftar en ekki þá koma bestu veðrin í vetrarkyrrðinni og þá er bara að klæða sig vel og njóta dagsins!**



# Piper Cub flugkoman

**Hið árlega Piper Cub mót Péturs Hjálmarssonar var á sínum stað vikuna eftir Verslunarmannahelgina. Nokkrir núverandi, og fyrrverandi, Cub-pabbar mættu galvaskir á svæðið og skemmtu sér vel fram eftir kvöldi. Fínasta veður var en óneitanlega var smá hrollur í mönnum þó sólinn væri hátt á lofti og hitastigið í kringum 12°C, enda menn orðnir góðu vanir í veðurblíðu sumarsins.**



N695CP

N695CP

# Flugkoma FMFA

Myndir: Árni H. Helgason

Eins og oft áður þá var veðurspáin fyrir helgina ekkert alltof góð en það þýðir lítið að hafa of miklar áhyggjur af því langt fram í tímann. Svo er líka oft verið að skoða spána fyrir Akureyri sem er svipað og skoða spána fyrir Keflavík ef menn ætla að fljúga í Hafnarfirði. ;-)

Laugardagurinn rann upp bjartur og fagur en með stífum vindi sem flugmódelmenn létu ekki á sig fá. Mikið var flogið allan daginn og gekk það að mestu áfallalaust fyrir sig þó að nokkur módel hafi orðið að láta í minni pokann fyrir snöggri hraðaminnkun. Í tilefni af 40 ára afmæli FMFA var boðið upp á ljúffenga marsipanköku með kaffinu og svo var grillið að sjálfsögðu á sínum stað um kvöldið. Stefán Sæmundsson nýtti líka tækifærið og færði Guðjóni Ólafssyni viðurkenningu fyrir framlag sitt til minningar um aldarafmæli flugs á Íslandi.

Mynd: Sverrir Gunnlaugsson

Mynd: Kjartan Guðmundsson

Mynd: Kjartan Guðmundsson

Mynd: Sverrir Gunnlaugsson

Mynd: Sverrir Gunnlaugsson

Mynd: Sverrir Gunnlaugsson

# MEISTARAMÓTARÖÐIN Í F3F

Hangflug (F3F) hefur legið í dvala hér heima á síðustu árum svo þeir þrír sem mest hafa verið að fljúga hér heima, og keppa erlendis, ákváðu að reyna að hífa það aðeins upp með því að standa fyrir reglulegum mótum á árinu. Þeir eru Erlingur Erlingsson, Guðjón Halldórsson og Sverrir Gunnlaugsson og var vonin sú að með þessu tækist að draga fram aðra keppendur sem höfðu tekið því rólega á seinni árum.

Óhætt er að segja að það hafi tekist en samtals níu keppendur tóku þátt í öllum þrem mótum mótaraðarinnar og þar af voru sjö keppendur sem náðu að ljúka keppni á alla vega einu móti. Fimm keppendur tóku þátt í öllum mótunum, einn í tveimur og þrír í einu, einum tókst svo ekki að ljúka keppni.

Af þessum þremur mótum þurfti að hliðra til dagsetningunum á öðru og þriðja mótinu þar sem veðrið var of gott þá daga en vindlega séð þá enduðu öll mót á Bleikisteinshálsi við Hamranes. Fyrsta og þriðja mótið voru haldin sunnanmegin og horft yfir Hamranesið en annað mótið var haldið norðanmegin og horft yfir Vallarhverfið í Hafnarfirði.

Vindur var í neðri mörkunum á mótunum sem voru haldin sunnanmegin en norðanmegin þá var fínn vindur en efri hluti brekkunnar er mjög leiðinlegur og dregur mikið niður í ferðinni á svifflugunum. Þannig að ekki sást stórkostlegur munur á hraða keppenda þó vindurinn væri allt að tvöfalt meiri.

Á þessum þremur mótum í mótaröðinni náðist að fljúga 14 umferðir, og 86 flug sem er frábær árangur þegar horft er til þess að einungis náðist að halda eitt mót í fyrra, og fljúga þrjár umferðir og níu flug, við mjög þröngar veðurfarsaðstæður þegar rétt um þriggja klukkutíma gluggi opnaðist í maílok. Einungis þrír keppendur mættu á það mót en flugmódelmenn eru kannski orðnir óþarflega veðurhræddir á seinni árum?

Keppendur og áhorfendur skemmtu sér konunglega og er óhætt að segja að almenn ánægja hafi ríkt með mótshaldið og verður stefnt á að endurtaka leikinn á næsta ári og jafnvel halda enn fleiri mót en gaman er frá því að segja að Iceland Open F3F verður haldið í fyrsta sinn á næsta ári með fjölda erlendra keppenda!

Þeir sem stóðu að þessu langar til að þakka keppendum og sérstaklega aðstoðarmönnum fyrir samveruna á árinu og vonandi koma sem flestir og taka þátt í mótunum á næsta ári! Það er alls engin þörf á að mæta með rándýra keppnisgræju til að prófa, endilega koma bara með næstu svifflugu og takið þátt!

## Úrslit meistaramótaraðarinnar 2019

| Sæti | Keppandi | Stig |
|---|---|---|
| 1. | Sverrir Gunnlaugsson | 2.983 |
| 2. | Guðjón Halldórsson | 2.917 |
| 3. | Erlingur Erlingsson | 2.531 |
| 4. | Rafn Thorarensen | 1.812 |
| 5. | Böðvar Guðmundsson | 1.668 |
| 6. | Steinþór Agnarsson | 1.368 |
| 7. | Jón V. Pétursson | 878 |
| 8. | Frímann V. Frímannsson | 162 |

Mótstölvan í keppnisham



Fríður hópur keppenda á öðru móti ársins

Beðið til Mekka... eða mótstölvunar?

# STÓRSKALAFLUGKOMA EPE

**Þrátt fyrir mikla yfirferð á logninu þegar stórskalaflugkoma Einars Páls Einarssonar var haldin í 34. skiptið þá létu menn það ekki skemma daginn fyrir sér og voru nokkur flug tekin í tilefni dagsins.**

**Hversu hvasst var eiginlega gætu einhverjir spurt? Nógu hvasst til að binda þurfti niður stærsta flugmódel landsins á alla kanta svo það fyki ekki út í buskann!**

Mynd: Guðni Sigurjónsson

# ÁRIÐ ER...



Sjá svar á bls. 28

# Sloping Denmark

Erlingur, Guðjón og Sverrir tóku þátt í Sloping Denmark í byrjun september ásamt um 40 öðrum keppendum. Flognar voru 10 umferðir og að þeim loknum var Sverrir í 36. sæti, Guðjón í 37. sæti og Erlingur í 39. sæti.

SOCIETY OF
AIRCRAFT
DEMOLISHERS
S·A·D
MEMBER
"AIRCRAFTUS FRAGMENTUM"

50

ULTRA FLASH

Áriðer 2011

MONSUN

ISSN 2298-8203